

Nd. **420. Frumvarp til laga** [227. mál]
um breyting á lögum nr. 107 1970, um félagsheimili.

Flm.: Daniel Ágústínusson, Gunnar Gíslason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Á eftir 9. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Framkvæmd 3. málgr. 2. gr. laganna verði frestað í 5 ár (1970—1974), og skal þá öllum tekjum félagsheimilaskjóðs á nefndu tímabili varið sem byggingarstyrk til félagsheimila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 57 frá 12. maí 1970 var lögum um félagsheimilasjóð frá 1947 m. a. breytt á þá lund, að 10% af árlegum tekjum sjóðsins skuli renna í svonefndan menningarsjóð félagsheimila.

Að dómi margra þeirra, sem standa að félagsheimilum landsins og gerst þekkja til byggingar þeirra og rekstrar, er lagabreyting þessi talin orka mjög tvímælis. Í fyrsta lagi vegna þess, að haldbezt er sú menningarstarfsemi, sem vex upp í sjálfum félagsheimilunum fyrir atbeina þess fólks, sem þau hefur byggt. Víða er sú starfsemi rekin af miklum myndarbrag, og hefur svo jafnan verið. Á ýmsum öðrum stöðum gengur verr og þá einkum vegna fámennis í viðkomandi byggðarlögum. Er fullkomið vafamál, hvort sérstakar fjárveitingar mundu þarna breyta nokkru. Í öðru lagi er það talið alveg óviðeigandi að taka 10% af tekjum sjóðsins frá byggingarstyrk félagsheimilanna, meðan 70 þeirra eiga eftir að fá 60.7 millj. kr. af lofuðu framlagi.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja það næstu 5 árin, að allar tekjur félagsheimilasjóðs gangi óskiptar til byggingar félagsheimila og umræddu ákvæði í 2. gr. laganna verði frestað þann tíma. Skal því enginn dómur lagður hér á gildi þessa menningarsjóðs fyrir menninguna í landinu, heldur dregin fram augljós rök fyrir því, að ófært er að skerða tekjur félagsheimilasjóðs, meðan skuldir hans eru jafnmiklar við byggð og hálfbyggð félagsheimili víðs vegar um landið og að framan segir.

Þegar farið var að ræða um að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 57 frá 12. maí 1970 um útgáfu skuldabréfa, var gerð áætlun í samráði við hagdeild Seðlabanka Íslands, hvernig unnt væri að greiða skuldir félagsheimilasjóðs við félagsheimili þau, sem hafa verið í byggingu á undanfórnum árum, en þau eru alls 70, sem fullnaðaruppgjöri er ekki lokið við, og af þeim eru 42 enn í byggingu.

Skuld þessi reyndist vera 60.7 millj. kr., en þá er reiknað með 40% byggingarstyrk til félagsheimilanna. Áætlun þessi var gerð og síðar samþykkt af menntamálaráðherra, sem fer með stjórn félagsheimilasjóðs. Hún var fólgin í því, að 14.1 millj. kr. skyldi greiddast með 10 ára skuldabréfum, en 46.6 millj. kr. með beinum greiðslum frá sjóðnum.

Með því að áætla tekjur sjóðsins varlega, eins og ætlazt er til í lögum hans, var gert ráð fyrir, að hlutur sjóðsins af innheimtum skemmtanaskatti 1970 yrði 10 millj. kr., en 1971, þegar nettó-skemmtanaskatturinn félli allur til félagsheimilasjóðs, 11.5 millj. kr. Samkvæmt þessu yrðu tekjur sjóðsins í 5 ár (1970—1974) 56 millj. kr. Hins vegar þyrfti hann að greiða þessi ár fyrrnefnda skuld, 46.6 millj. kr., og afborganir og vexti af útgefnum skuldabréfum, sem eru 10.2 millj. kr. þennan tíma, og er þá ekki reiknað með viðbót af útgefnum skuldabréfum. Alls eru þetta 56.8 millj. kr. eða hærri upphæð en áætlaðar tekjur sjóðsins 1970—1974.

Þessu til viðbótar skal á það bent, að gera verður ráð fyrir, að þeim 42 félagsheimilum, sem nú eru í byggingu, ljúki á næstu 4 árum. Er áætlað, að þátttaka félagsheimilasjóðs í þeim byggingarkostnaði muni nema 45—60 millj. kr. Enn fremur skal á það bent, að þegar er vítað um 13 aðila, sem eru lengra eða skemmra á veg komnir með undirbúning að byggingu félagsheimila, sem öll mega teljast eðlileg og sjálfsögð, enda vantar enn mikið á, að byggingu félagsheimila sé lokið í öllum byggðum landsins.

Verkefni félagsheimilasjóðs eru því mikil á næstu árum. Þau eru fólgin í því — samkv. framansögðu — að greiða mikinn skuldahala frá liðnum árum. Ljúka byggingu 42 félagsheimila og styðja nýbyggingar, sem nú eru í undirbúningi. Meðan svo hagar til, teljum við flutningsmenn þessa frumvarps með öllu óeðlilegt að dreifa hinum takmörkuðu tekjum félagsheimilasjóðs af skemmtanaskattinum í önnur verkefni, sem eru ekki jafnaðkallandi og orka tvímælis, hvort koma að því gagni, sem ætlazt er til.

Það skal að lokum tekið fram, að frumvarp þetta er flutt í samráði við Ípróttanefnd ríkisins og fræðslumálastjóra, en þessir aðilar hafa frá upphafi — samkvæmt 3. gr. laga um félagsheimili frá 1947 — borið hitann og þungann af framkvæmd þeirra. Þessi lagabreyting frá 12. maí 1970 var aldrei borin undir Ípróttanefnd ríkisins né fræðslumálastjóra. Nefndir aðilar telja hana ekki tímabæra.